

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Kotabyggðar, frístundabyggðar í landi Veigastaða I, Svalbarðsstrandarhreppi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti þann 17. júlí 2007 breytingu á deiliskipulagi Kotabyggðar, frístundabyggðar í landi Veigastaða I.

Breyting deiliskipulagsins felst í að afmörkun deiliskipulagssvæðisins er breytt, þannig að fyrirhugaðar lóðir nr. 28-30 og 36 falla utan svæðisins. Einni lóð er bætt við norðan við lóð nr. 1. Þá er skilmálum á svæðinu breytt. Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 12 ha og fjöldi lóða eftir breytingu verður 41.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Svalbarðseyri, 3. ágúst 2007.

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. ágúst 2007